

Fjarðalax hf.  
Strandgötu 43  
460 Tálknafjörður

Reykjavík, 3. september 2019

UST201901-295/H.S.J.

08.12.02

**Efni: Fyrirvaralaust eftirlit, 13.08. 2019, hjá Fjarðalax, Patreks- og Tálknafirði.**


Þann 13. ágúst sl. fór fram fyrirvaralaust eftirlit á athafnasvæði Fjarðalax, í Sandodda Patreksfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.


**Engin ábending var gerð í eftirlitinu en eitt frávik kom fram er varðar:**

1. Gr. 3.9 og 3.10 í starfsleyfi. Umgengni við svæðið í Sandodda var mjög slæm og mikið fok í sandinn umhverfis flugbrautina. Hreinsun hefur verið hafin og verktaki fullvissað eftirlitsaðila um að réttir verkferlar hafi verið notaðir seinustu daga og verði framvegis í vinnu þeirra fyrir íslenska aðila.

**Tímasett úrbótaáætlun barst stofnuninni þann 2. september sl. vegna fráviksins. Úrbætur vegna fráviksins verða teknar út í eftirliti.**

Virðingarfyllt

  
Hulda Soffía Jónasdóttir  
sérfræðingur

  
Frigg Thorlacius  
lögfræðingur

**Afrit:** Heilbrigðisnefnd Vestfjarða

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Fjarðalax ehf. Patreksfjörður og Tálknafjörður



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	13.8.2019	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Hulda Soffía Jónasdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Fjarðalax ehf.	<b>Eftirlitsmaður</b>	
<b>Heimili</b>	Eyrargötu 1, Patreksfirði	<b>Tegund eftirlits</b>	Fyrirvaralaust
<b>Kennitala</b>	641109-1770	<b>Flokkur</b>	Fiskeldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Víkingur Gunnarsson	<b>ÍSAT nr.</b>	03.21.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Andri Már Pálsson	<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram er varðar meðhöndlun úrgangs og umgengni á athafnasvæði á vegum Arnarlax (Fjarðalax) og Arctic Sea Farm í Sandodda, Patreksfirði.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var í eftirlitsferð í Sandodda, Patreksfirði í samræmi við 57. gr. reglugerðar 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Verktakar á vegum Arnarlax (Fjarðalax) og Arctic Sea Farm hafa verið þar að setja saman búnað til sjókvíaldis fyrir fyrirtækin.

Málavextir eru þeir að frá því í vor hafa borist kvartanir vegna umgengni norskra verktaka á svæðinu, Helgeland Plast/AKVA Group. Arnarlax og Arctic Sea Farm eru með svæðið á leigu frá Ríkinu og hafa verktakarnir notað það til samsetningar kvíahringja og annars búnaðar til notkunar í Patreksfirði.

Rekstraraðilum hafði verið gert grein fyrir fyrstu kvörtunum í maí sl. af hálfu sveitafélagsins. Fyrsta úttekt sérfræðings Umhverfisstofnunar á Patreksfirði á svæðinu, m.t.t. náttúruverndar, var í byrjun júní og svo aftur í lok júní. Í kjölfarið var skrifuð skýrsla um ástand svæðisins sem var send rekstraraðilum, ásamt sveitafélagi og Ríkiseignum þann 25. júní sl. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðilum stóð þá til að hreinsa svæðið.

Þar sem kvartanir voru þrátt fyrir þetta enn að berast Umhverfisstofnun í byrjun ágúst og svæðið hafði ekki verið hreinsað, var ákveðið að eftirlitsaðili úr teymi mengunareftirlits skyldi fara á staðinn, skoða stöðuna og krefja rekstraraðila og verktakana um aðgerðir á grundvelli starfsleyfa fyrirtækjanna.

Farið var á svæðið, sem er á vestari enda gömlu flugbrautarinnar í Sandodda. Myndir sem teknar voru í eftirlitsferðum sérfræðings Umhverfisstofnunar í júní voru hafðar til hliðsjónar. Svæðið var skoðað, rætt við fulltrúa fyrirtækja og verktaka og myndir teknar.

Fulltrúar verktaka upplýstu eftirlitsaðila um að mistök hefðu verið gerð við vinnu á svæðinu, verkferlum fyrirtækisins hefði ekki verið fylgt og ýmis mistök hefðu átt sér stað í viðbrögðum fyrirtækisins við kvörtunum s.s. að ganga ekki úr skugga um að hreinsun hefði átt sér stað, svör til sveitarfélags og Umhverfisstofnunar hefðu ekki farið út o.s.frv. Á svæðið var nú mættur yfirmaður hjá fyrirtækinu til að ganga úr skugga um að starfsmenn þess fylgdu verkferlum og að hafa yfirumsjón með hreinsun svæðisins.

Búið er að grófhreinsa svæðið, fjarlægja alla stóra plastbúta og því sem nær allt frauðplast. Einnig hefur verið gengið með fram flugbrautinni til að fjarlægja eitthvað af því plastsvarfi sem verður til við að borað er í rör og afskafi sem verður til þegar skafið er utan af sári eftir að rör kvíahringjanna eru soðin saman.

Við verklag sem uppfyllir verklagsreglur verktaka er svarfi og afskafi sem fellur til safnað jafnóðum svo ekki komi til þess að tína þurfi það upp úr sandinum umhverfis svæðið.

Á göngu eftirlitsaðila með fulltrúum rekstraraðila og verktaka um svæðið umhverfis flugbrautina var talsvert af minna svarfi og afsagi tínt upp, ásamt ýmsum öðrum hlutum sem fokið höfðu frá vinnusvæði.

Hreinsuninni er því alls ekki lokið og ljóst er að fara þarf nokkrar ferðir um svæðið til að tína upp þetta plastsvarf, afskaf, frauðplastsbúta og annað sem ekki hefur verið fjarlægt og hefur fokið út í umhverfið vegna vinnubragða verktaka.

Verktaki hefur sent eftirlitsaðila sem og sveitarfélaginu verklagsreglur sínar á norsku og hyggst senda þær þýddar á ensku innan skamms. Einnig hefur eftirlitsaðila verið sent bréf þar sem farið er yfir hvaða mistök voru gerð hjá fyrirtækinu í vinnu á svæðinu, viðbrögðum og svörum vegna kvartana.

Skv. áætlunum frá starfsmönnum sem voru við vinnu á svæðinu munu þeir klára að setja búnaðinn saman á næstu tveimur vikum. Stofnunin ítrekar að frekari hreinsun skuli ekki bíða þar til vinnu sé lokið á svæðinu, mikilvægt sé að fara í tíðar göngur um svæðið til hreinsunar, þar sem talsverð hreyfing er á sandinum í kringum flugbrautina og allur úrgangur sem hefur fokið grefst auðveldlega í sandinn. Einnig óskar eftirlitsaðili eftir því að athugaðir verði möguleikar

á notkun malarhrífna, eða annarra aðferða, í sandinum næst flugbrautinni, þar sem talsverðar líkur eru á að eitthvað hafi grafist þar niður í sandinn nú þegar. Án þess þó að hrífurnar valdi meiri skaða en nú þegar er orðinn.

Við lok vinnu verktaka skal fara fram heildarhreinsun á svæðinu og farið í göngur um svæðið eitthvað fram á haust til enn frekari hreinsunar, svo hægt sé að skila því í ástandi sem er eins nálægt því ástandi og því var tekið við í.

26. ágúst barst stofnuninni bréf frá Egersund Island fyrir hönd AKVA group þar sem farið var yfir þær aðgerðir sem gripið hefur verið til síðan eftirlitið fór fram. Framkvæmdum verktaka lauk þann 26. en skerpt hafði verið á að verkferlum væri fylgt, til að koma veg fyrir að frekara magn plasts færi út í umhverfið. 1500 fermetra svæði sunnan við brautina var gengið og hreinsað þann 20. ágúst sl. með aðstoð íþróttafélagsins á Patreksfirði.

2. september barst stofnuninni svo tímasett áætlun vegna frekari aðgerða. Fjarlægja átti þann búnað sem eftir var á svæðinu þann 31. ágúst og sópa á brautina og athafnasvæðið þann 5. september nk. Í kjölfarið verður gengið um svæðið og rusl handtínt 9.-12. september og ástand svæðisins verður í kjölfarið metið af rekstraraðilum og verktaka.

Umhverfisstofnun óskar eftir því að fá upplýsingar, eins fljótt og auðið er, um það ef fyrrnefnd tímaáætlun breytist. Ástand svæðisins verður tekið út af eftirlitsaðila eftir að rekstraraðili tilkynnir um lok hreinsunaraðgerða.

#### **Frávik frá**

#### **Lýsing á fráviki**

Gr. 3.9 og 3.10 í starfsleyfi

Draga skal skipulega úr myndun úrgangs og gæta skal fyllsta hreinlætis á öllu athafnasvæði rekstraraðila í samræmi við kröfur eftirlitsaðila. Umgengni við svæðið í Sandodda var mjög slæm og mikið fok í sandinn umhverfis flugbrautina. Hreinsun hefur verið hafin og verktaki fullvissað eftirlitsaðila um að réttir verkferlar hafi verið notaðir seinustu daga og verði framvegis í vinnu þeirra fyrir íslenska aðila.

## ÁBENDINGAR


Engar frekari ábendingar komu fram í eftirlitinu.

## ANNAÐ

Viðstaddir eftirlitið voru einnig Benedikt Ernir Stefánsson fulltrúi Egersund Island, Finn Ola Helleberg fulltrúi Helgeland Plast / AKVA group og fulltrúar Arctic Sea Farm, Steinunn G. Einarsdóttir, Sigurður Pétursson og Egill Ólafsson.

Reykjavík, 03.09.2019

- 1 Frávik: Framkvæmd teist ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

  
Hulda Soffía Jónasdóttir